

Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar

sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Almennt

Barnaverndarþjónusta Kópavogs, sem ber ábyrgð á barnavernd í sveitarfélaginu, sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, veitir foreldrum eða öðrum forsjáraðilum, barni og eftir atvikum fósturforeldri sem er aðili máls fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum, vegna málsmeðferðar fyrir umdæmisráði í Kraganum og við endurskoðun ráðstafana skv. 34. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, í samræmi við 47. gr. barnaverndarlaga.

Veittur er fjárstyrkur vegna ráðgjafar til aðila, fyrirtöku í umdæmisráði, þ.e. vegna vinnuframlags til undirbúnings og mætingar á fund umdæmisráðs. Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar við ferðalög og/eða ferðatíma lögmanns á fundi umdæmisráðs nema sérstaklega sé um slíkt samið. Eftir atvikum er jafnframt veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum umdæmisráðs.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndarþjónustu nema starfsmaður hafi skriflega óskað eftir viðveru lögmanns. Þá er ekki veittur styrkur vegna samskipta aðila við lögmann önnur en nauðsynleg eru vegna fyrirhugaðra þvingunarúrræða nema að starfsmaður hafi sérstaklega óskað eftir að lögmaður taki þátt í öðrum samskiptum.

Barnaverndarþjónusta Kópavogs veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Skilyrði/hæfi

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að viðkomandi hafi virk lögmannsréttindi, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt.

3. gr.

Val á lögmanni

Aðilar að máli velja sér sjálfir lögmann.

4. gr.

Ákvörðun fjárhæðar

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags umsækjanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin. Ef þörf er talin á skal óska eftir framlagningu á upplýsingum um efnahag umsækjanda, s.s. staðfestu afriti síðasta skattframtals, yfirlit yfir tekjur og/eða önnur gögn sem barnaverndarþjónusta kann að kalla eftir.

Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir umdæmisráði og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála

Þóknun fyrir störf lögmanns skal ákveðin með vísan til réttmætrar, sundurliðaðrar og tímasettrar skýrslu um starf hans og tímagjald skal vera í samræmi við tímagjald verjanda skv. reglum dómstólasýslunnar.

5. gr.
Afgreiðsla

Lögfræðingur velferðarsviðs afgreiðir umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Fjárstyrkur er greiddur til lögmanns samkvæmt reikningi og framlagðri tímaskýrslu.

6. gr.
Kæra/málskot

Ákvörðun um fjárhæð styrks er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá ef mál sætir meðferð umdæmisráðs barnaverndarþjónustu Kópavogs og úrskurðarnefndar velferðarmála.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 10. apríl 2024